

STARFSMANNASTEFNA PÍRATA

Markmið starfsmannastefnu Pírata er að Píratar hafi yfir að ráða hæfu, vel menntuðu og áhugasömu starfsfólki sem sameiginlega vinnur að því að efla grasrót Pírata og vinna að stefnumálum Pírata. Starfsmannastefnan nær til allra starfsmanna Pírata, en tekur ekki til verktaka sem starfa tímabundið fyrir Pírata.

Framkvæmdaráð ber ábyrgð á starfsmannastefnunni og hefur til hliðsjónar 10. kafla laga Pírata um starfsmenn, en framkvæmdastjóra ber að kynna stefnuna öllu starfsfólki Pírata.

Ráðningar

- Auglýsa skal öll launuð störf innan Pírata.
- Útlista skal eins nákvæmlega og hægt er hvaða verkefni viðkomandi skuli inna af hendi.
- Gera skal skýrar hæfniskröfur til umsækjenda. Lögð er áhersla á að ráða til starfa hæfustu starfsmenn sem völ er á og er við ráðningu metin menntun, reynsla, færni og hæfni til mannlegra samskipta.
- Píratar mismuna ekki umsækjendum á grundvelli kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kyngervis, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórn málatengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.
- Gæta skal jafnræðis og hlutleysis við allar ráðningar hjá Pírötum.

Starfsfólk

- Jafnréttis skal ávallt gætt hjá Pírötum.
- Á meðan starfsmaður starfar fyrir Pírata skal hann ekki starfa fyrir aðra stjórn málaflokka eða sinna trúnaðarstöðum innan þeirra.
- Ábyrgð, laun og staða ákvarðast aldrei af kynferði starfsfólks.
- Stuðla skal að jákvæðum og uppbyggjandi starfsanda.
- Undirstaða góðs starfsanda eru góð samskipti og öflugt streymi upplýsinga milli grasrótar, starfsfólks og kjörinna fulltrúa.
- Starfsmenn skulu vera vel upplýstir um verkefni sín og skyldur.
- Einelti eða kynferðisleg áreitni verður ekki liðin innan raða Pírata.
- Píratar eru fjölskylduvænn vinnustaður sem tekur mið af aðstæðum starfsfólks.
- Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum.

Gildistími og endurskoðun

- Framkvæmdaráð skal endurskoða starfsmannastefnuna svo oft sem þurfa þykir, en þó að lágmarki á tveggja ára fresti, og leita eftir umsögnum og ábendingum frá félagsmönnum Pírata.
- Drög að nýrri starfsmannastefnu skulu fá formlegt ferli í kosningakerfi Pírata.

Samþykkt á fundi framkvæmdaráðs Pírata 19. febrúar 2017

